

Tilbrigði

í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður

Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

Jóhannes Gisli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningin lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

Sigrún Steingrímsdóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvenmaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

Þórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Vixlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)	
7.1 Athugunarefnið	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

7.5	Fallglötun og fallflutningur	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
7.6	Lokaorð	72
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	73
	Summary	75
8.	Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)	
8.1	Athugunarefnið	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
8.2	Leppsetningar og skyld dæmi	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
8.3	Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
8.4	Nýja þolmyndin	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
8.5	Lokaorð	116
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	117
	Summary	118
9.	Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
9.1	Athugunarefnið	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
9.2	Vera að í íþróttamáli	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
9.3	Útvíkkun framvinduhorfs	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
9.4	Um vera búinn að og hafa	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
9.5	Lokaorð	151
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	151
	Summary	152
10.	Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
10.1	Athugunarefni	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
10.2	Almennt yfirlit	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
10.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
10.4	Tengsl við búsetu	172
10.5	Lokaorð	173
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	174
	Summary	175
11.	Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
11.1	Athugunarefni	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
11.2	Almennt yfirlit	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
11.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
11.4	Tengsl við búsetu	197
11.5	Lokaorð	199
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	199
	Summary	200
12.	Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
12.1	Athugunarefni	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
12.2	Samræmi við nefnifallsandlag	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
	12.2.2.1 Aldur	211
	12.2.2.2 Menntun	213
	12.2.2.3 Kyn	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
12.3	Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
	12.3.2.1 Aldur	218
	12.3.2.2 Menntun	218
	12.3.2.3 Kyn	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
12.4	Samræmi við hlutaeignarfall	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
	12.4.2.1 Aldur	222
	12.4.2.2 Menntun	222
	12.4.2.3 Kyn	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

12.5 Samræmismörk	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
12.6 Lokaorð	228
Rit sem vísað er til í þessum kafla	229
Summary	230
13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
13.1 Athugunarefni	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
13.4 Ólafsfjarðareignarfallið	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
13.7 Lokaorð	271
Rit sem vísað er til í þessum kafla	271
Summary	272
14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
14.1 Athugunarefni	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
14.2 Almenn yfirlit	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
14.4 Tengsl við búsetu	292
14.5 Lokaorð	294
Rit sem vísað er til í þessum kafla	295
Summary	296
15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
15.1 Athugunarefni	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
15.2 Brottfall og innskot tengingar	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
15.4	Innskots-að og staða sagnar	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
15.5	S2, S3 og þolfall með nafnhætti	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
15.6	Lokaorð	327
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	328
	Summary	329
16. Ýmislegt	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
16.1	Athugunarefni	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
16.2	Útkomuumsagnir	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
16.3	Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
16.4	Ósögð aukafallsfrumlög	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
16.5	Staða agna	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
16.6	Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
16.7	Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
16.8	Lokaorð	362
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	363
	Summary	364

14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða

Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson,
Heimir Freyr Viðarsson

14.1 Athugunarefni

14.1.0 Inngangur

Við getum byrjað á því að líta á þrjár gerðir „sömu“ setningar til upprifjunar:

- (14.1) a. Hann hafði hitt Guðmund **í gær**.
b. **Guðmund** hafði hann hitt ___ í gær. (kjarnafærsla)
c. **Í gær** hafði hann hitt Guðmund ___ (kjarnafærsla)

Í (14.1a) höfum við þá orðaröð sem kalla má **sjálfgefna** (e. *default*) í íslensku: Þar kemur frumlagið (*hann*) fyrst og síðan persónubeygd sögn (*hafði*). Röðinni í dæmum *b* og *c* má síðan lýsa með því að segja að þar hafi liður sem venjulega stendur aftast í setningunni verið „færður“ fremst og skilið eftir sig eyðu á sínum venjulega stað (eyðan er hér táknuð með ___). Þessi aðgerð er kölluð **kjarnafærsla** (e. *topicalization*) af því að liðið er svo á að hinn færði liður sé **kjarni** (e. *topic*) eða aðalunmræðuefni setningarinnar (sjá t.d. lýsingu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:255). Samkvæmt hefðbundinni lýsingu færir þessi aðgerð **stórliði** (e. *maximal projections*) á borð við heila nafliði eða forsetningarliði til dæmis.

Litum næst til samanburðar á dæmin í (14.2):

- (14.2) a. Loftið er svo hreint þegar ___ hefur verið rigning. (frumlagseyða)
b. Loftið er svo hreint þegar **verið** hefur ___ rigning. (stílfærsla)
c. Loftið er svo hreint þegar **það** hefur verið rigning. (leppinnskot)

Í (14.2a) er ekkert frumlag á hinum venjulega frumlagsstað í aukasetningunni, þ.e. næst á eftir tíðartengingunni *þegar*. Í staðinn má segja að þar sé **frumlagseyða** (e. *subject gap*). Það fer hins vegar eftir ýmsu hversu eðlilegt má telja að skilja slíka eyðu eftir ófyllta, ef svo má segja. Í (14.2b) hefur lýsingarháttur sagnar verið færður fram fyrir hjálparsögnina sem hann stendur með og það er slík aðgerð sem kölluð hefur verið **stílfærsla** á íslensku (e. *stylistic fronting*). En það má líka „fylla“ frumlagspláss af þessu tagi með því að skjóta merkingarlausu *það* inn í, eins og gert hefur verið í (14.2c). Þetta orð hefur verið kallað **leppur** (e. *expletive, dummy*) í nýlegum ritum um íslenska setningagerð en stundum áður **gervifrumlag** eða **aukafrumlag**.

Þær setningagerðir sem hér hefur verið lýst hafa vakið mikinn áhuga hjá setningafræðingum undanfarna áratugi. Meðal þeirra spurninga sem þá hefur verið glímt við má telja þessar (sjá t.d. Maling 1980, Eirík Rögnvaldsson 1990, Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990, Friðrik Magnússon 1990, Jóhannes Gísla Jónsson 1991, Vikner 1995, Holmberg 2000, 2006, Bošković 2001, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson 2004, Poole 1996, 2007, Franco 2009, Ott 2009, Molnár 2010, Ásgrím Angantýsson 2011, 2014, Wood 2011, Höskuld Þráinsson o.fl. 2013, Anton Karl Ingason og Wood 2015, Höskuld Þráinsson 2015):

- Að hvaða marki er hægt að beta kjarnafærslu í aukasetningum?
- Hvaða munur er á kjarnafærslu og stílfærslu?
- Hvenær er hægt að láta frumlagseyðu ófyllta í aukasetningum, hvenær má „fylla“ hana með stílfærslu og hvenær með leppimskoti?

Af þessu má sjá að þau athugunarefni sem hér eru á dagskrá fléttast nokkuð saman. Þess vegna er ástæða til að gefa yfirlit yfir þau í sama kaflanum (sjá líka umræðu í 17. kafla). Jafnframt verður reynt að halda þeim aðgreindum eftir því sem tilefni gefst til.

14.1.1 Kjarnafærsla í aukasetningum

Þótt kjarnafærsla sé algeng í aðalsetningum á borð við (14.1b) til dæmis hafa málfræðingar lengi vitað að breytt orðaröð af þessu tagi kemur mun síður fyrir í aukasetningum. Það er þó talsvert misjafnt eftir því hvers konar aukasetningar eiga í hlut (sjá t.d. Friðrik Magnússon 1990, 17. kafla þessarar bókar og rit sem þar er vísað til). Þess vegna er líklegt að lesendum þyki eftirfarandi dæmi ekki jafngöð:

- (14.3) a. Ég spurði hann hverja **í gær** hefði hann hitt.
b. Hann sagði að **þjóðsönginn** gæti hann ekki sungið.

Þrátt fyrir þetta hefur því stundum verið haldið fram að íslenska leyfi „framfærslur“ í aukasetningum auðveldlegar en flest nágrannamálin (sjá t.d. Vikner 1995, Höskuld Bráinsson 2005:580, Ásgrím Angantýsson 2011 og umræðu í 17. kafla). Þess vegna þótti forvitnilegt að skoða setningagerðir af þessu tagi, ekki síst með skipulegan samanburð við nágrannamálin í huga. Þau dæmi sem hér komu við sögu voru þessi:

- (14.4) a. T3007 *Maria hefur séð margar evrópskar höfuðborgir.*
Ég veit þó að **til Apenu** hefur hún aldrei komið.
- b. T3045 *Söngvarinn var slæmur í hálsinum.*
Hann sagði að **þjóðsönginn** gæti hann ekki sungið.
- c. T3051 *Jói kom með gamla mynd af Reykjavík.*
Hann hélt að **þá mynd** hefðum við ekki séð.
- d. T3062 *Maria hefur hitt marga af starfsmönnumum.*
Ég efast samt um að **þennan mann** hafi hún hitt.
- e. T3076 *Ingibjörg söng Maistjörmunu við mikinn fögnuð.*
Leifur sá eftir að **það lag** hafði hann ekki sungið í veislunni.
- f. T3090 *Borgarfulltrúarnir ræddu ekki málefni aldraðra.*
Ráðherrann harmar að **það mál** skuli þeir ekki hafa rætt .
- g. T3095 *Gunmar rakst á Heimsljós á fornþókasölu.*
Hann uppgötvaði að **þá bók** hafði hann ekki lesið.
- h. T3072 *Lagið eftir Magnús var langbest.*
Söngvarinn sá eftir að hann hafði ekki sungið það lag.

Ástæðan til þess að hér voru notaðar ólíkar sagnir í aðalsetningunni er m.a. sú að skýringarsetningar sem fylgja sögnum á borð við *segja* og *halda* (svokölluðum **brúarsögnum** (e. *bridge verbs*), sbr. t.d. Höskuld Bráinsson 2005:580, 598 og rit sem þar er vísað til) eru þekktar fyrir að líkjast aðalsetningum meira en flestar aðrar aukasetningar og í þeim er t.d. yfirlétt auðveldara í ymsum tungumálum að beita kjarnafærslu en í öðrum gerðum aukasetninga. Sagnir eins og *efast um*, *sjá eftir* og

harma eru hins vegar ekki af þessari gerð. En nú eru brúarsagnir í sjálfu sér ekki vel skilgreindur sagnaflokkur (sbr. að þær eru oftast taldar upp frekar en skilgreindar á ótvíræðan hátt) og skiptingin í brúarsagnir og aðrar sagnir kannski of gróf í þessu samhengi. Þess vegna hafa ýmsir málvísindamenn leitað að skilgreinanlegum merkingarþáttum sagna sem gætu skipt hér máli. Í því sambandi hefur t.d. verið bent á að í sumum tilvikum felur sögnin í sér að mælandinn telji það staðreynd sem í aukasetningunni felst. Slíkar sagnir eru kallaðar **staðreyndasagnir** (e. *factive verbs*, sbr. t.d. Höskuld Þráinsson 2005:459–461) og meðal þeirra má telja *vita*, *uppgötva* og *harma*. Aðrar lýsa bara álitni frumlagsins og eru þá kallaðar **álitssagnir** (e. *verbs of believing*, sbr. sama rit, sama stað), en dæmi um það væru t.d. sagnirnar *halda* og *efast um*. Enn aðrar fela með einhverjum hætti í sér staðhæfingu og mættu því kallast **staðhæfingarsagnir** (e. *assertive verbs*, sbr. umræðu hjá Bentzen 2007, Ásgrími Angantýssyni 2011 og í ritum sem þar er vísað til). Sagnir eins og *segja* eru greinilega af þessari gerð. Þessar flokkanir ganga að hluta til þvert hver á aðra og ekki er ástæða til að fara nánar út í það hér. Hér er aðeins bent á að umræða um eðli þessara sagna og áhrif þeirra á einkenni aukasetninganna sem þær taka með sér réði vali dæmanna sem sýnd eru í (14.4). Í síðasta dæminu er þó engin kjarnafærsla og það var aðeins haft með til samanburðar. Ástæðan var m.a. sú að okkur þótti líklegt að ýmsir vildu frekar hafa fornafn á undan skýringarsetningu sem *sjá eftir* tekur með sér (þ.e. *sá eftir því að ...*) eða nota frekar nafnhátt með henni (þ.e. *sá eftir því að hafa ...*) og það gæti skekkt niðurstöðurnar fyrir kjarnafærslusetninguna með *sjá eftir* (14.4e). Það kom líka í ljós. Loks er rétt að benda á að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að flokka sagnir af þessu tagi nánar en hér var gert (sjá t.d. Bentzen 2007, Julien 2007, Ásgrím Angantýsson 2011, 2013, 2014) og athuga að hvaða marki slíkir flokkun getur skýrt orðaraðartilbrigði af þessu tagi í íslensku, færeysku og fleiri málum.

Til samanburðar við skýringarsetningar var síðan ákveðið að skoða spurnarsetningar og tilvísunarsetningar því slíkar setningar eru þekktar fyrir að hafa aðra eiginleika en aðalsetningar. Þess vegna voru þátttakendur látnir meta dæmi þar sem kjarnafærslu hafði verið beitt í spurnarsetningum og tilvísunarsetningu:

- (14.5) a. L3.22 *Jóhann var að koma úr viðskiptaferð um Evrópu.*
Ég spurði hann hverja **í gær** hefði hann hitt.
- b. T3049 *Jóna hefur komið til margra borga.*
Ég veit þó ekki hvort **til Rómar** hefur hún komið.
- c. T3080 *Þetta er ekki strákurinn sem ég hitti í London.*
Þetta er strákurinn sem **í París** hitti ég síðast.

Flestir eru þó væntanlega sammála um að eftirfarandi dæmi séu þjalli en dæmin í (14.5) þótt ekki sé annað að sjá en þar hafi líka verið beitt einhvers konar „framfærslu“:

- (14.6) a. T3024 *Það þurfti að taka margar erfiðar ákvarðanir um reksturinn.*
Þeir sem **erfiðustu ákvarðanirnar** tóku voru ekki öfundsverðir.
- b. T3040 *Það var umnið langt fram á kvöld.*
Þeir sem **erfiðustu verkin** höfðu umnið hættu þó fyrir.

Þeir sem eru kunnugir fræðilegri umræðu um orðaröð í íslenskum aukasetningum undanfarna áratugi kannast þó væntanlega við að margir myndu frekar telja

setningarnar í (14.6) dæmi um stílfærslu en kjarnafærslu (sjá Höskuld Þráinsson 2005:579 o.áfr.). Svo við skulum næst snúa okkur að þeim.

14.1.2 Stílfærsla

Megineinkenni stílfærslusetninga er yfirleitt talið það að þar stendur einhver liður annar en frumlag fremst og frumlagið kemur ekki á sínum venjulega stað næst á eftir persónubeygðu sögninni heldur einhvers staðar síðar í setningunni eða þá að það virðist alveg vanta (sbr. (14.2b)). Bandaríska málvísindakonan Joan Maling varð fyrst til að skrifa ítarlega um þessa setningagerð í íslensku nútímamáli (1980) en síðan hafa margir spreytt sig á að gera grein fyrir henni, eins og áður var nefnt. Eitt af því sem rétt hefur verið um er það hvort dæmi eins og (14.7a) feli í sér kjarnafærslu eins og (14.7b) eða hvort það sé dæmi um stílfærslu eins og (14.7c):

- (14.7) a. Þeir sem **erfiðustu ákvarðanirnar** tóku __ voru ekki öfundsverðir.
b. Hann sagði að **erfiðustu ákvarðanirnar** hefði forsætisráðherrann tekið __.
c. Þau vandamál sem **upp** hafa komið __ eru erfið viðureignar.

Málið snýst í um það hvað skeri úr um hvort tiltekin færsla sé kjarnafærsla eða stílfærsla. Sumir lita svo á að það sé eðli hins færða liðar: Kjarnafærsla getur fært stórlíði eins og *erfiðustu ákvarðanirnar* en ekki smáliði eða höfuð eins og ögnina *upp*. Færslur á stórlíðum eru því kjarnafærsla en færslur á smáliðum eru stílfærsla. Aðrir telja að það sé setningagerðin sem ræður: Ef um er að ræða færslu í setningu sem með „frumlagseyðu“, eins og algengt er um tilvísunarsetningar (sbr. *a-* og *c-*dæmið), er færslan stílfærsla, hver sem stærð hins færða liðar er (sjá umræðu og tilvísanir um þetta hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:582 o.áfr., 2007:368 o.áfr.). Þetta gerir samanburð dæma með kjarnafærslu og stílfærslu áhugaverðan og sömuleiðis athugun á markatilvikum þessara setningagerða (þ.e. dæmi á borð við þau sem sýnd eru í (14.6)). Auk þessa eru stílfærslusetningar vinsælt viðfangsefni af því að þessi setningagerð er ótæk í nágrannamálunum, að færeysku frátalinni. Hún er því áhugaverð frá samanburðarsjónarmiði.

Ótvíræðu stílfærsludæmin sem voru borin undir dóm þátttakenda eru sýnd í (14.8):

- (14.8) a. T3039 *Það vissi enginn hve miklu hafði verið stolið.*
Allir vissu þó að **stolið** hafði verið skjávörpum.
b. T3071 *Sigrún vildi helst ekki bjóða sig fram.*
Hún spurði hvort **rætt** hefði verið við Helgu.
c. T3094 *Talsvert hefur verið deilt um hjúskaparfrumvarpið.*
Það er frumvarp sem **lagt** hefur verið fram á Alþingi.
d. T3099 *Við höfum lent í ýmsum erfiðleikum.*
Þetta er eitt af þeim vandamálum sem **upp** hafa komið.

Lesendur kannast sjálfsgagt við setningar af þessu tagi úr ýmiss konar ritmáli, ekki síst fréttamáli. Í sumum þessara tilvika hefði líka verið hægt að beita leppinnskoti svo við skulum næst snúa okkur að því.

14.1.3 Leppinnskot

Í þriðja lagi er í þessum kafla sagt frá athugunum á leppinnskoti eða svokölluðum **leppsetningum** (e. *pletive sentences*). Það eru setningar sem hefjast á leppnum eða

gervifrumlaginu *það*. Í íslensku eru reyndar til ýmsar gerðir leppsetninga (sjá yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:336 o.áfr.) en í þessum kafla er einkum skoðað í hvaða tilvikum er hægt að nota leppinn *það* í stað þeirra liða sem færa má með stílfærslu. Ef litið er á dæmin í (14.8) má t.d. sjá að þar gengi misvel að nota leppinn í stað feitletraða liðarins. Þetta sést svart á hvítu ef litið er á pör eins og þau sem eru sýnd í (14.9). Þar eru flestir væntanlega sammála um að *b*-dæmið er mun síðra, en þó þótti ástæða til að kanna hvort þátttakendur væru sammála um það:

- (14.9) a. Allir vissu þó að **það** hafði verið stolið skjávörpum.
 b. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem **það** hafa komið upp.

Leppsetningar koma reyndar mikið við sögu í 8. kafla en þær leppsetningar sem varða mest samanburðinn við stílfærsluna eru sýndar í (14.10):

- (14.10) a. T3050 *Eyvindur og Bryndis sáu einhverja menn á tröppunum.*
 Þau vissu ekki hvort **það** væru komnir gestir.
 b. T3077 *Ég hélt að þeir hefðu sagt frá smyglmálinu á fundinum.*
 Hvaða máli hélst þú að **það** hefði verið sagt frá.
 c. T3088 *Imbrot var framið í Skerjafirði í nótt.*
 Lögreglan telur að **það** hafi verið stolið skartgripum.
 d. T3041 *Skiðalyfturnar eru ekki opnar.*
 Þær verða opnaðar þegar **það** fer að snjóa.

Í öllum dæmunum nema því síðasta kæmi stílfærsla líka til greina (*komnir væru, sagt hefði verið, stolið hefði verið*).¹ Í síðasta dæminu er hins vegar veðurleppurinn *það* og þar er ekki hægt að koma stílfærslu við. Þar gæti aftur á móti komið til greina að hafa frumlagseyðu (*þegar ___fer að snjóa*).

14.1.4 Frumlagseyða

Nú hefur oft verið bent á að stílfærsla er algeng í eldra máli en leppurinn *það* er málsöguleg nýjung þótt notkun hans sé alls ekki bundin við allra nýjasta mál (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2005:612 og rit sem þar er vísað til). Stundum hefur jafnvel verið sagt að best væri að nota leppinn sem minnst (sjá t.d. Jakob Jóh. Smára 1920:19). Vegna þessa mætti e.t.v. búast við einhverjum tilbrigðum í vali milli þessara kosta, þ.e. stílfærslu og leppsetningar. Í sumum tilvikum kemur svo þriðji kosturinn til greina eins og þegar var ýjað að, þ.e. að láta setningu hvorki byrja á leppnum *það* né heldur neinum lið sem ætti heima aftur í setningunni heldur hafa þar eyðu í frumlagsstað. Slik dæmi gætu þá litið út á þessa leið (skoðið dæmin í (14.8) og (14.10) til samanburðar):

- (14.11) a. Allir vissu þó að ___ hafði verið stolið skjávörpum.
 b. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem ___ hafa komið upp.

¹ Í síðasta dæminu væri reyndar hægt að segja *þegar snjóa fer ___*. Þá hefur nafnhátturinn verið færður fram en skilyrði fyrir því er að nafnháttamerkið sé fellt niður (sbr. **þegar snjóa fer að ___*). Þetta hindrunarhlutverk nafnháttamerkisins er rætt nokkuð hjá Höskuldi Þráinssyni (1993), sbr. líka Anton Karl Ingason og Wood (2015).

Hér finnst flestum væntanlega *b*-dæmið eðlilegra þótt svokallaðar frumlagseyður komi annars oft fyrir í íslensku.² Heildaryfirlit yfir þau frumlagseyðudæmi sem hér voru skoðuð er gefið í (14.12):³

- (14.12) a. L3.25 *Það var brotist inn hjá Óla og Lovísu.*
Allir vissu að ___ hafði verið stolið skartgripum.
- b. T3025 *Ari og Disa heyrðu einkennileg hljóð í þvottahúsinu.*
Þau vita ekki hvort ___ hafa verið rottur undir gólfinu.
- c. T3063 *Ég hélt að þau hefðu talað við bæjarstjórnann í Kastljósinu.*
Hvern hélt þú að ___ hefði verið talað við.
- d. T3087 *Fyrirtækið ætlar að segja upp nokkrum starfsmönnum.*
Það er mál sem ___ hefur verið mikið rætt um á kaffistofnunni.
- e. T3096 *Bátur sökk á Breiðafirði um helgina.*
Í blöðunum segir að ___ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.
- f. T3103 *Brotist var inn í marga sumarhústaði í Grímsnesinu.*
Eigendurnir segja að ___ hafi verið ummin skemmdarverk.
- g. T3009 *Grasið er lítið byrjað að spretta.*
Það breytist þegar ___ fer að rigna.

Að loknu þessu yfirliti yfir viðfangsefnið skulum við snúa okkur að því að skoða tölfraðilegar niðurstöður og byrja á kjarnafærslu í aukasetningum.

14.2 Almennt yfirlit

14.2.1 Kjarnafærsla í aukasetningum

Í töflu 14.1 má sjá hvernig þátttakendur mátu **kjarnafærslu í skýringarsetningum** (sbr. (14.4), kjarnafærðir liðir feitletraðir eins og áður til glöggvunar):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3007	Ég veit þó að til Aþenu hefur hún aldrei komið.	56,8	19,1	24,1	100	711
b. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	42,8	23,3	33,9	100	713
c. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	46,6	23,5	29,9	100	712
d. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	44,2	23,0	32,8	100	710
e. T3076	Leifur sá eftir að það lag hafði hann ekki sungið í veislunni.	12,1	21,0	66,9	100	710
f. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rætt.	32,8	23,1	44,1	100	710
g. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	67,4	16,2	16,4	100	709
h. T3072	Söngvarinn sá eftir að hann hafði ekki sungið það lag .	34,8	25,4	39,7	100	712

Tafla 14.1: **Mat á dæmum með kjarnafærslu í skýringarsetningum.**

² Í íslensku nútímamáli gilda þó að nokkru leyti aðrar reglur um frumlagseyður en í formáli, sbr. yfirlit Eiríks Rögnvaldssonar (2005:609) og rit sem þar er vísað til.

³ Eyðutáknið ___ var auðvitað ekki sýnilegt á matsblöðunum.

Hér sjáum við strax að *e*-dæmið sker sig úr því að þar telja aðeins um 12% þátttakenda að kjarnafærsla sé eðlileg. Ástæðan gæti verið sú að verulegur hluti þátttakenda telji óeðlilegt að láta *sjá eftir* taka með sér skýringarsetningu án þess að fornafni sé skotið inn í (þ.e. án þess að skrifað eða sagt sé *sá eftir því að...*) eða þá að þeir vilji frekar hafa nafnháttarsamband með *sjá eftir* (þ.e. *sá eftir að hafa ekki sungið það lag*). Þetta sést af því að *h*-dæmið fær líka neikvæða dóma þótt þar sé sjálfgefin orðaröð og engin kjarnafærsla í aukasetningunni. Vegna þessa verður dæminu með kjarnafærslu á eftir *sjá eftir* sleppt í þeirri umræðu sem hér fer á eftir.⁴ — Í öðru lagi fengu dæmin með *vita* og *uppgötva* hvað besta dóma (*a*- og *g*-dæmin), en þessar sagnir eru reyndar af þeim flokki staðreyndasagna sem kalla mátti **hálfstaðreyndasagnir** (e. *semi-factive verbs*), en í íslensku er eitt meginéinkenni þeirra að þær taka með sér fallsetningu í framsöguhætti. — Hins vegar er lítil munur á mati þátttakenda á dæmum með brúarsögnunum *segja* og *halda* annars vegar (*b* og *c*) og andstæðu þeirra *efast um* (dæmi *d*). Aftur á móti fær dæmið með staðreyndasögninni *harma* (*f*-dæmið) verri dóma. Einnig vekur athygli að það er oft um fimmtungur þátttakenda eða meira sem telur dæmin vafasöm en hvorki alveg eðlileg né alveg ótæk (merkir við miðdálkinn, ?). Það kemur þó ekki á óvart í sjálfu sér.

Lítum næst á **kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum** (sbr. (14.5)), en gert var ráð fyrir að slík dæmi fengju almennt mun neikvæðari dóma en dæmi með skýringarsetningum. Niðurstaðan er sýnd í *töflu 14.2*:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	2,4	5,5	91,1	100	712
b. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómar hefur hún komið.	2,1	8,6	89,3	100	713
c. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	2,5	3,9	93,5	100	712

Tafla 14.2: **Mat á dæmum með kjarnafærslu í spurnarsetningum og tilvísunarsetningu.**

Það er ástæðulaust að fjölyrða um þetta, þótt kannski megi segja að niðurstaðan sé ótvíræðari en búast mátti við: Um níu af hverjum tíu hafna þessum setningum algjörlega og mjög fáir eru í nokkrum vafa. Hér er forvitnilegt að skoða til samanburðar þau dæmi þar sem stór nafniður hafði verið færður fremst í **tilvísunarsetningu með frumlagseyðu**. Niðurstöður fyrir þau dæmi má sjá í *töflu 14.3* (sbr. (14.6)):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	59,2	20,3	20,5	100	711
b. T3040	Þeir sem erfiðustu verkin höfðu unnið hættu þó fyrir.	41,7	26,6	31,7	100	710

Tafla 14.3: **Mat á dæmum með framfærslu í tilvísunarsetningu með frumlagseyðu.**

⁴ Hér má reyndar líka benda á að einhverjir hafa hugsanlega misskilið dæmin með *sjá eftir* af því að hér var um skriflega könnun að ræða og tónfall því ekki til hjálpar. Misskilningurinn gæti þá verið fölginn í því að þeir hafa túlkað *sjá* sem sögnina 'sjá' og *eftir að* sem tíðartengingu, þ.e. túlkað *Leifur/Söngvarinn sá eftir að ...* sem 'Leifur/Söngvarinn fékk sjónina eftir að ...' og þá verða dæmin auðvitað illskiljanleg og dómarnir í samræmi við það!

Munurinn á þessum tveim gerðum dæma er mjög skýr: Þótt allmargir (fimmtungur til þriðjungur) telji framfærslu í tilvísunarsetningum með frumlagseyðu ótæka eru þeir þó mun fleiri sem telja setningarnar eðlilegar, en reyndar finnst talsverðum hluta þátttakenda (fimmtungi til fjórðungi) þær vafasamar. Ástæðan er væntanlega sú að í báðum tilvikum lægi sjálfgefna orðaröðin beinna við (*Þeir sem tóku erfiðustu ákvarðanirnar ...*, *Þeir sem höfðu umið erfiðustu verkin ...*), þrátt fyrir það samhengi sem var gefið. Það er því forvitnilegt að bera þessa dóma saman við **dæmigerðar stílfærslusetningar** þar sem smærri liðir hafa verið færðir fram. Lítum á þær í næsta undirkafla.

14.2.2 Stílfærsla

Yfirlit yfir mat á dæmum þar sem smáliðir hafa verið færðir fram er gefið í *töflu 14.4* (sbr. (14.8), stílfærðir liðir feitletraðir):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	40,1	27,9	32,0	100	710
b. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	78,1	12,6	9,3	100	712
c. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	85,0	9,0	6,0	100	712
d. T3099	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem upp hafa komið.	78,3	12,2	9,4	100	711

Tafla 14.4: *Mat á dæmum með stílfærslu í aukasetningu.*

Fyrsta dæmið inniheldur skýringarsetningu með þolmynd og þágufallsfrumlagi sem hefur verið frestað, ef svo má segja (sbr. *Skjávörpum hafði verið stolið*, *Það hafði verið stolið skjávörpum*). Þetta dæmi fær mun lakari dóma en hin (*b*, *c*, *d*), en í þeim er ekkert merkingarlegt frumlag sýnilegt. Þau fá hins vegar jákvæðari dóma en dæmin í *töflu 14.3* þar sem stórir nafnliðir (nafnorð með ákvæðisorði) höfðu verið færðir fremst. Ástæðan kynni að vera sú að dæmi þar sem lýsingarháttur og ögn (eða atviksorð) eru áreiðanlega mjög algeng í fréttamáli, en síðari dæmin þrjú (*b*, *c*, *d*) í *töflu 14.4* eru einmitt af þeirri gerð (sjá Ara Pál Kristinsson 2009).

Þótt hægt sé að beita leppinnskoti (*það*-innskoti) í stað stílfærslu í dæmum *a* og *b* í *töflu 14.4* gengur það ekki í hinum dæmunum. Lítum því nánar á leppinnskotið.

14.2.3 Leppinnskot

Eins og nefnt var hér framfar er oft hægt að **nota leppinn það í aukasetningum þar sem stílfærsla kemur til greina**. *Tafla 14.5* sýnir yfirlit yfir dóma um þær leppsetningar sem voru til skoðunar hér (sbr. (14.10), leppurinn feitletraður til skýrleiksauka):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	80,5	12,4	7,2	100	714
b. T3077	Hvaða máli hélt þú að það hefði verið sagt frá.	44,1	23,6	32,3	100	708
c. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	63,8	17,3	19,0	100	712
d. T3041	Þær verða opnaðar þegar það fer að snjóa.	84,4	9,4	6,2	100	711

Tafla 14.5: *Mat á dæmum með leppsetningu.*

Hér eru aukasetningarnar reyndar ekki allar sama eðlis, enda fá dæmin nokkuð misjafna dóma og allmörgum þykja sum þeirra vafasöm. Síðasta dæmið, með veðurleppnum *það*, fær besta dóma en það fyrsta kemur næst. Dómarnir um *b*-dæmið eru kannski sérstaklega athyglisverðir frá fræðilegu sjónarmiði, vegna þess að það dæmi felur í sér spurnarfærslu og talsverðar hömlur eru á notkun *það* í setningum þar sem spurnarfærsla kemur við sögu (sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2007:352 o.áfr. og í ritum sem þar er vísað til). Þar fer nefnilega oft betur að láta frumlagseyðu ófyllta. Lítum nánar á þann kost.

14.2.4 Frumlagseyða

Í setningum þar sem frumlag vantar eða virðist ekki standa á sínum stað, ef svo má segja, kemur oft til greina að hafa eyðu í staðinn. Dómar um slíkar setningar eru sýndir í *töflu 14.6* (sbr. (14.12), frumlagseyðan merkt með __ til þæginda eins og áður):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. L3.25	Allir vissu að __ hafði verið stolið skartgripum.	14,2	25,1	60,7	100	712
b. T3025	Þau vita ekki hvort __ hafa verið rottur undir gólfinu.	17,7	24,5	57,7	100	710
c. T3063	Hvern helst þú að __ hefði verið talað við.	55,1	21,9	23,0	100	712
d. T3087	Það er mál sem __ hefur verið mikið rætt um á kaffistofunni.	60,8	25,0	14,2	100	714
e. T3096	Í blöðunum segir að __ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.	14,0	20,2	65,9	100	709
f. T3103	Eigendurnir segja að __ hafi verið unnin skemmdarverk.	22,8	25,8	51,4	100	710
g. T3009	Það breytist þegar __ fer að rigna.	80,3	11,0	8,7	100	711

Tafla 14.6: *Mat á dæmum með greinilegri frumlagseyðu.*

Hér fær veðurdæmið (g) langbesta dóma, næstum eins góða og samsvarandi dæmi með veðurleppnum *það* í *töflu 14.5* (*d*-dæmið þar). Aðrar setningar fá hér misjafnar undirtektir. Í öllum tilvikum er þó býsna stór hluti þátttakenda í vafa, eða um 20–25% (þau sem merkja við miðkostinn, ?).

14.2.5 Samantekt

Í heild má segja að niðurstöður þessa kafla staðfesti það sem við höfðum gert ráð fyrir:

- **Kjarnafærsla í skýringarsetningum** fær yfirleitt þokkalega dóma með ýmiss konar sögnum í móðursetningunni (*tafla 14.1*).
- Kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum er yfirleitt hafnað (*tafla 14.2*) nema frumlagseyða sé í setningunni (*tafla 14.3*), en sumir myndu telja það stílfærslu fremur en kjarnafærslu.
- **Stílfærsla í aukasetningu** fær yfirleitt frekar jákvæða dóma (*tafla 14.4*) og **leppinnskot** sömuleiðis (*tafla 14.5*) en **frumlagseyða í aukasetningu** (sem helgast ekki af því að einhver liður hefur verið færður út úr aukasetningunni) fær yfirleitt síðri dóma nema þá helst þegar veðursögn á í hlut (*tafla 14.6*).

Til frekari glöggvunar má bera saman þau dæmi með stílfærslu, leppnum *það* og frumlagseyðu sem eru sambærilegust:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	40,1	27,9	32,0	100	710
b. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	63,8	17,3	19,0	100	712
c. L3.25	Allir vissu að ___ hafði verið stolið skartgripum.	14,2	25,1	60,7	100	712
d. T3077	Hvaða máli hélt þú að það hefði verið sagt frá.	44,1	23,6	32,3	100	708
e. T3063	Hvern hélt þú að ___ hefði verið talað við.	55,1	21,9	23,0	100	712
f. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	80,5	12,4	7,2	100	714
g. T3025	Þau vita ekki hvort ___ hafa verið rottur undir gólfinu.	17,7	24,5	57,7	100	710

Tafla 14.7: Samanburður á mati á stílfærslu, leppsetningu og frumlagseyðu.

Hér sést að frumlagseyðan fær síðri dóma en sambærilegir kostir nema í dæmunum þar sem spurnarfærslu hefur verið beitt (*d* og *e*).

Eins og þetta almenna yfirlit sýnir virðast vera veruleg tilbrigði í mörgu af því sem hér er til skoðunar. Í næstu köflum verður skoðað hverju þessi tilbrigði tengjast helst. Vegna þess samspils milli setningagerðanna sem þegar hefur verið lýst verða þær allar teknar fyrir í hverjum undirkafla um félagslega breytnu.

14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn

14.3.1 Aldur


Lítum fyrst á **kjarnafærslu í skýringarsetningum**. Hlutfall (prósentutala) þeirra sem töldu kjarnafærslusetningar **eðlilegt mál** er sýnt í *töflu 14.8*, ásamt fylgnistuðli (*Spearman's rho*) sem sýnir fylgnina við aldur og *p*-gildi sem visar til þess hvort fylgni matsins við aldur (þ.e. hvort svarað er *já* (= 1), *?* (= 2) eða *nei* (= 3)) er marktæk eða ekki. Eins og áður er fylgnistuðullinn feitletraður ef hann nær 0,3 (meðalsterk fylgni) og *p*-gildið er feitletrað ef það er minna en 0,01. Athugið að hér er dæminu með *sjá eftir* sleppt og dæmin með *vita* og *uppgötva* færð saman þar sem þau fengu svipaða dóma skv. yfirlitinu í *töflu 14.1* hér framar:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3007	Ég veit þó að til Aþenu hefur hún aldrei komið.	19,9	52,5	76,2	86,7	–.527	.000
b. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	43,7	64,8	81,5	84,7	–.340	.000
c. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	16,4	36,3	55,4	69,1	–.419	.000
d. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	25,4	36,9	62,5	67,1	–.368	.000
e. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	28,4	37,6	58,9	55,8	–.258	.000
f. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rætt	26,6	31,8	34,1	40,0	–.069	.067

Tafla 14.8: **Jákvætt mat** á kjarnafærslu í skýringarsetningum, flokkað eftir aldurshópum.

Hér sést strax að fylgnin við aldur er skýr og næstum alls staðar alveg línuleg: Kjarnafærsla í skýringarsetningum fær jákvæðari dóma hjá eldri hópunum. Þessi fylgni

er meðalsterk eða jafnvel sterk í öllum tilvikum nema þeim tveim síðustu⁵ og mjög vel marktæk í öllum tilvikum nema því síðasta. Hér er líka athyglisvert að það er í raun nánast enginn munur á matinu á fyrstu tveim dæmunum (*a* og *b*) hjá tveim elstu hópunum en talsverður hjá þeim yngri, einkum þeim yngsta. Þá er mun meiri munur á matinu á tveim síðustu dæmunum (*e* og *f*) hjá elstu hópunum tveim en þeim yngri. Annars sést munur aldurshópanna mjög skýrt á súluritinu á mynd 14.1. Þar sýna súlurnar „meðaleinkunnir“ aldurshópanna, þar sem meðaleinkunnin 3 myndi merkja ‘allir í aldurshópnum töldu öll dæmin eðlilegt mál’ og meðaleinkunnin 1 myndi merkja ‘allir í aldurshópnum töldu öll dæmin ótæk’. Fylgni dómanna við aldur er þarna mjög skýr og mjög vel marktæk ($r = 0,458$, $p = 0,000$). Svipuð niðurstaða fæst með því að bera meðaltöl hópanna saman og beita F-prófi (ANOVA, $F_{(3, 710)} = 19,439$, $p = 0,000$):



Mynd 14.1: Meðaleinkunnir fyrir kjarnafærslu í skýringarsetningum (öll dæmin í töflu 14.8), flokkaðar eftir aldri þátttakenda.

Lítum næst á mat einstakra aldursflokka á kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum (sbr. töflu 14.2):

Númer	Setning	9. b	20-25	40-45	65-70	r	p
a. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	4,5	1,7	1,8	1,2	.070	.062
b. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómar hefur hún komið.	4,5	1,7	1,8	0,6	.083	.027
c. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	7,5	1,1	0,6	0,0	.170	.000

Tafla 14.9: Jákvætt mat á kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum, flokkað eftir aldurshópum.

Hér sjáum við að fylgni við aldur er alls staðar mjög veik og hvergi tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið nema í síðasta dæminu. Athygli vekur þó að svo miklu

⁵ Fylgnistuðullinn er alls staðar neikvæður og það merkir í þessu tilviki að yngri þátttakendur voru ólíklegri til að samþykkja dæmin.

leyti sem um einhverja fylgni er að ræða er hún í sömu átt, þ.e. að yngsti aldurshópurinn er líklegastur til að samþykkja dæmin, en það er öfugt við það sem við sáum í *töflu 14.8*. Það er þó alls staðar mjög lágt hlutfall í yngsta aldurshópnum sem samþykkir þessar setningar og tölurnar sýna kannski ekkert annað en það að yngsti aldurshópurinn sé tregari til að telja þessi dæmi alveg ótæk, enda er lítill munur á mati hinna hópanna þriggja. Ef við lítum hins vegar á dæmin þar sem nafnliðir hafa verið færðir fremst í **tilvísunarsetningu með frumlagseyðu** (sbr. *töflu 14.3*) verður annað uppi á teningnum eins og *tafla 14.10* sýnir. Þar telja mun fleiri að setningarnar séu **eðlilegt mál**:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	25,4	56,2	76,8	86,0	–.480	.000
b. T3040	Þeir sem erfiðustu verkin höfðu unnið hættu þó fyrir.	23,4	39,0	49,4	59,1	–296	.000

Tafla 14.10: Jákvaett mat á framfærslu í tilvísunarsetningum með frumlagseyðu, flokkað eftir aldurshópum.

Hér er matið auðvitað mun jákvæðara, eins og vænta mátti, en um leið vex fylgnin við aldur og snýst við, þ.e. hér eru það eldri aldurshóparnir sem kunna betur að meta setningarnar, rétt eins og þegar kjarnafærsla í skýringarsetningum var skoðuð.


Nú er forvitnilegt að skoða hvort við finnum svipaða fylgni við aldur þegar dæmigerðar **stílfærslusetningar** eiga í hlut. Yfirlit yfir aldursflokkað mat á þeim er sýnt í *töflu 14.11* (sbr. líka *töflu 14.4*):

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	42,3	32,8	33,9	51,8	–.038	.318
b. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	58,0	82,7	90,5	84,8	–.262	.000
c. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	65,0	91,1	95,2	92,1	–.286	.000
d. T3099	Þetta er eitt af þeim vanda- málum sem upp hafa komið.	59,0	76,5	92,2	89,7	–.305	.000

Tafla 14.11: Jákvaett mat á dæmigerðum stílfærslusetningum, flokkað eftir aldurshópum.

Eins og áður hafði komið fram sker fyrsta dæmið sig úr að því leyti að það fær mun lakari dóma en hin. Hér sést að það á við um alla flokka, en fylgni við aldur er annars mjög lítil og alls ekki marktæk. Í öllum hinum dæmunum er nokkur fylgni við aldur á þann veg að yngsti hópurinn kann sist að meta þessi stílfærsludæmi en þeir eldri mun frekar og fylgnin er alls staðar mjög vel marktæk. Þótt mestur munur sé á yngsta hópunum og þeim næstýngsta er athyglisvert að setningarnar fá besta dóma hjá næstelsta hópunum, þ.e. þeim sem eru miðaldra. Það kynni að skýrast af því að líklega er þetta tiltölulega formlegt mál sem er kannski einkennandi fyrir ritmál, fréttastíl eða formlegar ræður. Það mætti skoða nánar (sjá líka Ara Pál Kristinsson 2009). Annars sést mismunandi afstaða hópanna betur á süluritinu á *mynd 14.2*. Þar eru sýndar meðaleinkunnir hópanna fyrir öll dæmin í *töflu 14.11* og munurinn á aldurshópnum er greinilega minni en á *mynd 14.1* (kjarnafærsla í skýringarsetningum), eins og fram

kemur í fylgnistuðli ($r = 0,297$) þótt p -gildið sýni ennþá mjög mikla marktækni ($p = 0,000$). Munurinn á meðaltali hópanna er líka mjög vel marktækur skv. F-prófinu (ANOVA, $F_{(3, 710)} = 4,513$, $p = 0,000$).



Mynd 14.2: Meðaleinkunnir fyrir dæmigerðar stílfærslusetningar (öll dæmin í töflu 14.11), flokkaðar eftir aldri þátttakenda.

Með þetta í huga mætti e.t.v. búast við því að mat á samsvarandi dæmum með leppnum það hefði annars konar fylgni við aldur því að þar er væntanlega um óformlegra mál að ræða (sbr. töflu 14.5). Yfirlit yfir dóma aldurshópanna er sýnt í töflu 14.12:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	79,6	88,8	80,4	72,6	.084	.025
b. T3077	Hvaða máli hélt þú að það hefði verið sagt frá.	45,8	53,1	47,6	28,1	.155	.000
c. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	73,5	62,6	54,8	62,4	.106	.005
d. T3041	Þær verða opnaðar þegar það fer að snjóa.	86,1	94,4	86,3	69,7	.158	.000

Tafla 14.12: *Jákvætt mat á nokkrum leppsetningum, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér sjáum við að fylgnin við aldur er að vísu ekki mjög sterk og ekki alveg línuleg, þótt leppsetningarnar fái yfirleitt betri dóma hjá yngri aldurshópunum tveim, eins og við höfðum frekar gert ráð fyrir. Þrátt fyrir nokkrar sveiflur er fylgnin mjög vel marktæk í öllum tilvikum (nær þó ekki $p \leq 0,01$ markinu í fyrsta dæminu). Í framhaldi af þessu er áhugavert að skoða dóma aldurshópanna um sambærilegar setningar með greinilegri frumlagseyðu (sbr. töflu 14.6). Yfirlit yfir þá er sýnt í töflu 14.13:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. L3.25	Allir vissu að __ hafði verið stolið skartgripum.	29,9	4,5	7,1	12,8	.189	.000
b. T3025	Þau vita ekki hvort __ hafa verið rottur undir gólfinu.	25,9	14,0	12,5	17,2	.074	.048
c. T3063	Hvern hélt þú að __ hefði verið talað við.	43,2	57,0	62,5	59,6	-.132	.000
d. T3087	Það er mál sem __ hefur verið mikið rætt um á kaffistofunni.	57,0	60,9	64,1	61,8	-.035	.354
e. T3096	Í blöðunum segir að __ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.	34,8	10,1	3,6	3,6	.369	.000
f. T3103	Eigendurnir segja að __ hafi verið unnin skemmdarverk.	34,7	18,4	12,5	23,8	.148	.000
g. T3009	Það breytist þegar __ fer að rigna.	65,2	84,2	85,1	89,7	-.219	.000

Tafla 14.13: *Jákvætt mat setningum með greinilegri frumlagseyðu, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér nær fylgnin því ekki nema í eitt skipti að vera meðalsterk (*e*-dæmið) en hún er alloft mjög vel marktæk. Hins vegar vekur athygli að það eru ýmist yngri hóparnir (dæmi *a*, *b*, *e*, *f*) eða þeir eldri (*c*, *d*, *g*) sem kunna betur að meta dæmin. Fyrirfram hefði e.t.v. mátt búast við að eldri hóparnir væru líklegri til að samþykkja þessi dæmi þar sem vitað er að frumlagseyður eru algengari í gömlu máli en nýju (sbr. Eirík Rögvaldsson 2005:609 og rit sem þar er vísað til).

14.3.2 Menntun

Tafla 14.14 gefur yfirlit yfir tengsl menntunar við dóma um setningar með **kjarnafærslu í aukasetningum**. Dæmi með skýringarsetningum, spurnarsetningum og tilvísunarsetningum eru hér sett saman í eina töflu til einföldunar (sbr. t.d. *töflur 14.8* og *14.9*). Yngsta aldurshópnum er sleppt hér þar sem hann hefur ekki átt kost á neinni menntun eftir grunnskóla.

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T3007	Ég veit þó að til Apenu hefur hún aldrei komið.	74,0	69,6	62,8	.081	.112
b. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	76,0	76,3	71,8	.023	.648
c. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	58,1	49,5	42,3	.100	.046
d. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	49,5	52,8	46,2	.027	.588
e. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	46,2	51,6	43,6	.027	.598
f. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rætt	29,8	37,2	33,3	-.071	.158
g. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	0,0	1,4	0,0	-.021	.676
h. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómar hefur hún komið.	1,9	0,5	0,0	-.095	.059
i. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	0,0	0,9	1,3	.034	.504

Tafla 14.14: *Jákvætt mat á kjarnafærslu í aukasetningum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er ekki að sjá neina reglulega fylgni við menntun og hún er yfirleitt fjarri því að vera tölfræðilega marktæk (nær þó $p \leq 0,05$ markinu í *c*-dæminu).

Skoðum næst fylgni menntunar og mats á **framfærslusetningum þar sem frumlag er ekki á sínum stað**. Í *töflu 14.15* er þetta bæði sýnt fyrir færslur nafnliða sem innihalda ákvæðisorð (sjá *töflu 14.10*) og dæmigerða stílfærslu (sjá *töflu 14.11*):

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	75,2	67,9	64,1	.092	.065
b. T3040	Þeir sem erfiðustu verkin höfðu unnið hættu þó fyrir.	50,5	50,0	33,3	.053	.291
c. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	42,9	37,1	24,7	.122	.015
d. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	81,9	86,6	89,7	-.079	.114
e. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	92,3	94,0	93,6	.000	.993
f. T3099	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem upp hafa komið.	85,7	85,1	83,3	.019	.701

Tafla 14.15: **Jákvætt mat á framfærslu í aukasetningum með frumlagseyðu, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.**

Hér er hvergi greinilegur munur eftir menntun nema helst í *c*-dæminu.

Í *töflu 14.16* er sýnt að hvaða marki mat á **leppsetningum og setningum með greinilegri frumlagseyðu** tengist menntun:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	79,0	82,3	83,3	-.042	.400
b. T3077	Hvaða máli hélt þú að það hefði verið sagt frá.	58,3	41,8	35,9	.168	.001
c. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	71,4	58,6	47,4	.164	.001
d. T3041	Þær verða opnaðar þegar það fer að snjóá.	82,9	85,9	93,6	-.099	.048
e. L3.25	Allir vissu að ___ hafði verið stolið skartgripum.	9,5	7,0	2,6	.133	.008
f. T3025	Þau vita ekki hvort ___ hafa verið rottur undir gólfinu.	21,9	14,0	5,2	.125	.013
g. T3063	Hvern hélt þú að ___ hefði verið talað við.	65,7	59,7	56,4	.079	.115
h. T3087	Það er mál sem ___ hefur verið mikið rætt um á kaffistofunni.	67,6	63,7	52,6	.086	.086
i. T3096	Í blöðunum segir að ___ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.	6,7	5,6	2,6	.126	.012
j. T3103	Eigendurnir segja að ___ hafi verið unnin skemmdarverk.	26,7	14,0	7,7	.176	.000
k. T3009	Það breytist þegar ___ fer að rigna.	87,5	83,2	91,0	-.025	.638

Tafla 14.16: **Jákvætt mat á leppsetningum og frumlagseyðusetningum, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.**

Þótt fylgnin virðist ekki mjög regluleg hér er hún þó yfirleitt á þann veg að þeir sem hafa minni menntun eru líklegri til að samþykkja setningarnar, hvort sem um er að ræða leppsetningar (dæmi *a–d*) eða setningar með frumlagseyðu (dæmi *e–k*). Skýring á því blasir ekki við.

Skoðum næst hvort kyn þátttakenda hefur áhrif á mat þeirra á þessum dæmum.

14.3.3 Kyn

Byrjum hér eins og áður á því að skoða dæmi um **kjarnafærslu**. Til einföldunar eru kjarnafærsludæmi úr öllum gerðum aukasetninga höfð saman í einni töflu (sbr. *töflu 14.14*). Eins og *tafla 14.17* sýnir er það nánast alltaf þannig að karlarnir voru heldur jákvæðari þegar þessi dæmi áttu í hlut, en í raun er **sáralítil fylgni við kyn** og hvergi marktæk við 0,01 markið nema í *f*-dæminu (skýringarsetning á eftir *harma*):

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T3007	Ég veit þó að til Aþenu hefur hún aldrei komið.	59,8	54,1	.051	.175
b. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	67,4	67,6	-.001	.969
c. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	44,8	40,9	.044	.236
d. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	50,3	43,3	.082	.028
e. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	46,6	42,1	.066	.079
f. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rætt	37,8	28,2	.104	.005
g. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	3,4	1,4	.061	.106
h. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómar hefur hún komið.	2,3	1,9	.045	.233
i. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	3,7	1,4	.065	.084

Tafla 14.17: Jákvætt mat á kjarnafærslu í aukasetningum, flokkað eftir kyni þátttakenda.

Það er ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta.

Skoðum næst **framfærslusetningar þar sem frumlag er ekki á sínum stað** og athugum hvort mat á þeim sýnir einhverja fylgni við kyn þátttakenda. Í *töflu 14.18* er þetta bæði sýnt fyrir færslur nafniðna sem innihalda ákvæðisorð og dæmigerða stílfærslu (sjá líka *töflu 14.15*):

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	60,5	58,2	.030	.431
b. T3040	Þeir sem erfiðustu verkin höfðu unnið hættu þó fyrir.	45,4	38,2	.088	.019
c. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	44,0	36,6	.084	.026
d. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	82,5	74,0	.111	.003
e. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	86,5	83,7	.044	.236
f. T3099	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem upp hafa komið.	79,8	77,1	.039	.303

Tafla 14.18: Jákvætt mat á framfærslu í aukasetningum með frumlagseyðu, flokkað eftir kyni.

Hér er mynstrið reglulegt að því leyti að það eru alltaf karlarnir sem eru heldur jákvæðari gagnvart þessum setningum. Fylgni við kyn er þó alls staðar veik og ekki

tölfræðilega marktæk við 0,01 markið nema í *d*-dæminu. Ef við lítum svo á að stílfærsla sé ritmálslegt einkenni eða formlegt bendir þetta til að karlar séu heldur spenntari fyrir slíkum stíl en konur, en munurinn er þó lítill.

Lítum loks á samsvarandi **leppsetningar** og **frumlagseyðusetningar**. Yfirlit yfir mat á þessum setningum má sjá í *töflu 14.19*:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	80,1	81,0	-.005	.892
b. T3077	Hvaða máli hélt þú að það hefði verið sagt frá.	40,8	47,4	-.047	.210
c. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	64,8	63,0	.037	.321
d. T3041	Þær verða opnaðar þegar það fer að snjóa.	82,8	85,9	-.048	.261
e. L3.25	Allir vissu að ___ hafði verið stolið skartgripum.	13,2	15,2	-.010	.783
f. T3025	Þau vita ekki hvort ___ hafa verið rottur undir gólfinu.	20,2	15,5	.031	.403
g. T3063	Hvern hélt þú að ___ hefði verið talað við.	54,5	55,8	.001	.984
h. T3087	Það er mál sem ___ hefur verið mikið rætt um á kaffistofunni.	63,9	57,9	.085	.024
i. T3096	Í blöðunum segir að ___ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.	17,0	11,1	.040	.290
j. T3103	Eigendurnir segja að ___ hafi verið unnin skemmdarverk.	25,9	19,9	.084	.024
k. T3009	Það breytist þegar ___ fer að rigna.	82,2	78,5	.047	.210

Tafla 14.19: **Jákvætt mat** á leppsetningum og frumlagseyðusetningum, flokkað eftir kyni.

Hér er hvergi stórvægilegur munur á kynjunum. Hann er þó helst í þá veru að konurnar séu hrifnari af leppsetningunum og karlarnir af dæmunum með frumlagseyðu þótt það sé ekki alveg reglulegt. Munur kynjanna er þó hvergi tölfræðilega marktækur við 0,01 markið.

14.3.4 Samantekt

Aðalatriðin í því sem nú var rakið má draga saman á þessa leið:

- Skýr tengsl á milli aldurs þátttakenda og afstöðu þeirra til kjarnafærslu í skýringarsetningum og í tilvísunarsetningum með frumlagseyðu (sem sumir myndu kalla stílfærslu): Þeir eldri voru hrifnari af kjarnafærslunni (sjá *töflur 14.8* og *14.10* og *mynd 14.1*).
- Samsvarandi tengsl komu ekki fram þegar skoðuð voru dæmi með kjarnafærslu í spurnar- og tilvísunarsetningum með frumlagi, enda var slíkum setningum yfirlétt hafnað (sjá *töflu 14.9*).
- Svipuð tengsl komu aftur á móti fram milli aldurs þátttakenda og afstöðu þeirra til stílfærslu þótt þar væri munur aldurshópanna ekki eins mikill (*tafla 14.11* og *mynd 14.2*).
- Aftur á móti voru þeir yngri yfirlétt heldur jákvæðari gagnvart leppsetningum (*tafla 14.12*).
- Ekki kom fram skýr mynd af tengslum aldurs við mat á setningum með frumlagseyðu (*tafla 14.13*).
- Dómar þátttakenda sýndu yfirlétt ekki regluleg tengsl við menntun (*töflur 14.14*, *14.15* og *14.16*).

- Kyn þátttakenda virtist yfirleitt ekki heldur hafa áhrif á dóma þeirra nema þá helst á þann veg að karlar væru heldur jákvæðari gagnvart ýmiss konar framfærslum en konur (sjá töflur 14.17 og 14.18).

14.4 Tengsl við búsetu


Að síðustu skulum við athuga hvort unnt er að finna einhver tengsl við búsetu. Yfirlit yfir dóma um **kjarnafærslu í aukasetningum** er sýnt í *töflu 14.20*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3007	Ég veit þó að til Aþenu hefur hún aldrei komið.	46,9	38,5	56,8	64,2	57,4	53,7	61,5	59,7
b. T3095	Hann uppgötvaði að þá bók hafði hann ekki lesið.	56,6	57,7	74,4	69,4	69,4	62,3	65,8	72,6
c. T3045	Hann sagði að þjóðsönginn gæti hann ekki sungið.	40,4	34,6	41,6	48,5	45,9	33,3	44,9	38,7
d. T3051	Hann hélt að þá mynd hefðum við ekki séð.	30,3	50,0	53,6	47,0	53,0	40,7	43,6	51,6
e. T3062	Ég efast samt um að þennan mann hafi hún hitt.	42,4	38,5	41,6	46,2	46,3	46,3	38,5	51,6
f. T3090	Ráðherrann harmar að það mál skuli þeir ekki hafa rétt	33,3	19,2	36,0	37,3	28,4	22,2	38,2	33,9
g. L3.22	Ég spurði hann hverja í gær hefði hann hitt.	4,0	0,0	4,0	2,3	1,5	3,8	0,0	1,6
h. T3049	Ég veit þó ekki hvort til Rómur hefur hún komið.	2,0	3,8	2,4	3,0	2,2	,0	1,3	1,6
i. T3080	Þetta er strákurinn sem í París hitti ég síðast.	5,1	7,7	2,4	3,0	0,7	0,0	0,0	4,9

Tafla 14.20: *Jákvætt mat á kjarnafærslu í aukasetningum, flokkað eftir landshlutum.*

Ekki verður sagt að neitt tiltekið mynstur blasi hér við.

Svipað verður uppi á teningnum ef dómar þátttakenda á einstökum könnunarstöðum eru bornir saman. Á *mynd 14.3* má sjá að **kjarnafærsla í skýringarsetningum** (dæmi *a-f* í *töflu 14.20*) fær svolítið mismunandi dóma eftir því hver könnunarstaðurinn er. Þessi munur er hins vegar lítill og almennt ekki marktækur og engar meginlínur blasa við. Setningagerðin fékk einna lakasta dóma á Flúðum, Þórshöfn og Kirkjubæjarklaustri. Úr því að þarna eru tveir staðir á Suðurlandi (Flúðir og Kirkjubæjarklaustur) gæti maður látið sér detta í hug að þessi formgerð væri almennt frekar óvinsæl meðal Sunnlendinga. Svo er þó ekki því að þessar setningar fengu bestar undirtektir á Hvolsvelli, sem liggur landfræðilega á milli Flúða og Kirkjubæjarklausturs. En það væri auðvitað hægt að skoða þetta nánar.



Mynd 14.3: Samanburður á dómum þátttakenda á ólíkum könnunarstöðum (meðaleinkunnir) um kjarnafærslu í skýringarsetningum.

Dómar um **framfærslu í setningum með frumlagseyðu**, flokkaðir eftir búsetu þátttakenda, eru sýndir í töflu 14.21:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3024	Þeir sem erfiðustu ákvarðanirnar tóku voru ekki öfundsverðir.	50,0	42,3	64,8	60,4	60,0	64,2	55,1	66,1
b. T3040	Þeir sem erfiðustu verk höfðu unnið hættu þó fyrir.	40,2	23,1	40,8	44,4	41,5	53,7	39,7	40,3
c. T3039	Allir vissu þó að stolið hafði verið skjávörpum.	26,8	23,1	41,6	44,0	45,6	42,6	42,1	40,3
d. T3071	Hún spurði hvort rætt hefði verið við Helgu.	76,8	84,6	80,0	76,1	76,9	74,1	80,8	76,8
e. T3094	Það er frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.	83,8	88,5	89,6	84,3	83,0	81,5	85,7	83,9
f. T3099	Þetta er eitt af þeim vandamálum sem upp hafa komið.	76,8	73,1	79,0	73,9	75,6	79,6	87,0	85,5

Tafla 14.21: **Jákvætt mat** á framfærslu í frumlagseyðusetningum, flokkað eftir landshlutum.

Hér vekur kannski helst athygli að þessi dæmi eru aldrei vinsælust í Reykjavík og reyndar fær *c*-dæmið áberandi lakasta dóma í Reykjavík og á Reykjanesi. En *d*-dæmið, sem ætti að vera dæmigerð stílfærslusetning, fær hins vegar bestar undirtektir á Reykjanesi svo ekki verður sagt að Reyknesingar séu almennt tregir til stílfærslu.

Loks sýnir tafla 14.22 samsvarandi yfirlit yfir dóma þátttakenda um **leppsetningar** og **frumlagseyðusetningar** í einstökum landshlutum:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3050	Þau vissu ekki hvort það væru komnir gestir.	79,8	88,5	78,4	80,6	80,6	79,6	77,9	85,5
b. T3077	Hvaða máli hélst þú að það hefði verið sagt frá.	37,4	46,2	47,6	44,8	45,9	40,7	51,3	35,5
c. T3088	Lögreglan telur að það hafi verið stolið skartgripum.	53,5	61,5	71,2	64,9	59,3	72,2	62,3	67,7
d. T3041	Þær verða opnaðar þegar það fer að snjóa.	87,6	84,6	86,4	75,2	84,6	81,5	89,7	90,3
e. L3.25	Allir vissu að __ hafði verið stolið skartgripum.	14,1	3,8	17,6	11,2	15,4	22,2	9,2	14,5
f. T3025	Þau vita ekki hvort __ hafa verið rottur undir gólfinu.	18,4	19,2	16,8	14,9	21,5	26,4	11,7	16,1
g. T3063	Hvern hélst þú að __ hefði verið talað við.	55,6	53,8	56,1	56,7	48,5	51,9	64,1	54,8
h. T3087	Það er mál sem __ hefur verið mikið rætt um á kaffistofunni.	54,5	69,2	61,6	57,9	61,5	53,7	66,2	69,4
i. T3096	Í blöðunum segir að __ hafi verið bjargað þremur sjómönnum.	15,2	19,2	20,8	7,5	12,6	13,0	10,5	18,0
j. T3103	Eigendurnir segja að __ hafi verið unnin skemmdarverk.	21,2	19,2	21,6	17,3	24,8	31,5	26,9	24,2
k. T3009	Það breytist þegar __ fer að rigna.	75,0	73,1	81,6	88,8	77,2	77,8	80,8	79,0

Tafla 14.22: *Jákvætt mat á leppsetningum og frumlagseyðusetningum, flokkað eftir landshlutum.*

Hér virðist munur milli landshluta nokkuð tilviljanakenndur og yfirleitt mjög lítill svo líklega er ekkert byggjandi á honum.

Niðurstaðan verður því sú að enginn skýr landshlutabundinn munur finnst þegar þessar setningagerðir eru skoðaðar.

14.5 Lokaorð

Skýrustu niðurstöður þessa kafla má draga saman á þessa leið:

- Kjarnafærsla í skýringarsetningum fær þokkalega dóma (tafla 14.1) en kjarnafærsla í spurnar- og tilvísunarsetningum með frumlagi er yfirleitt hafnað (tafla 14.2). Hins vegar samþykkja margir framfærslu stórlíða í tilvísunarsetningum með frumlagseyðu (tafla 14.3).
- Dæmigerð stílfærsla fær almennt heldur góða dóma (tafla 14.4).
- Skýr tengsl eru á milli aldurs þátttakenda og dóma þeirra um kjarnafærslu í skýringarsetningum: Þeir eldri eru mun hrifnari af henni en þeir yngri (tafla 14.8 og mynd 14.1).
- Allskýr tengsl eru á milli aldurs þátttakenda og dóma um dæmigerðar stílfærslu-setningar: Þeir eldri eru yfirleitt hrifnari af stílfærslunni (tafla 14.11 og mynd 14.2).
- Yngri þátttakendur eru nokkuð jákvæðari gagnvart leppsetningum en þeir eldri þar sem velja má á milli leppsetninga, stílfærslu og frumlagseyðu (tafla 14.12).
- Menntun, kyn og búseta þátttakenda hefur ekki skýr áhrif á dóma þeirra um þær setningagerðir sem hér voru á dagskrá.

Sumt af þessu er rætt nánar í 17. og 22. kafla og í ritum sem þar er vísað til.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Anton Karl Ingason og Jim Wood. 2015. *Clause-Bounded Movement, Stylistic Fronting and Phase Theory*. Handrit, University of Pennsylvania, Philadelphia, og Yale University, New Haven.
- Ari Páll Kristinsson. 2009. *Í fréttum er þetta helst. Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásgrímur Angantýsson. 2013. Um orðaröð í færeyskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 35:23–55.
- Ásgrímur Angantýsson. 2014. Um stílfærslu og skyld orðaraðartilbrigði í íslensku og færeysku. *Íslenskt mál* 36:31–53.
- Bentzen, Kristine. 2007. *Order and Structure in Embedded Clauses in Northern Norwegian*. Doktorsritgerð, Tromsøháskóla, Tromsø.
- Bošković, Željko. 2001. PF Merger in Scandinavian. *Stylistic Fronting and Object Shift. Working Papers in Scandinavian Syntax* 68:75–115.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Endurprentun á cand. mag.-ritgerð höfundar frá 1982.]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2002. ÞAÐ í fornu máli — og síðar. *Íslenskt mál* 24:7–30.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Setningafræðilegar breytingar í íslensku. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 602–635. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–38. *Syntax and Semantics* 24. Academic Press, San Diego.
- Franco, Irene. 2009. *Verbs, Subjects and Stylistic Fronting. A Comparative Analysis of the Interaction of CP Properties with Verb movement and Subject Positions in Icelandic and Old Italian*. Doktorsritgerð, Háskólanum í Siena, Siena.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Endurprentun á cand. mag.-ritgerð höfundar frá 1989.]
- Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2004. Stylistic Fronting. *Studia Linguistica* 58:88–134.
- Holmberg, Anders. 2000. Scandinavian Stylistic Fronting: How any Category Can Become an Expletive. *Linguistic Inquiry* 31:445–483.
- Holmberg, Anders. 2006. Stylistic Fronting. Martin Everaert og Henk van Riemsdijk (ritstj.): *The Blackwell Companion to Syntax IV*, bls. 532–565. Blackwell, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson. 1993. On the Structure of Infinitival Complements. *Harvard Working Papers in Linguistics* 3:181–213.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Anna Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8*. Fróðskapur, Þórshöfn.

- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987.]
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1991. Stylistic Fronting in Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 48:1–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005a. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005b. Merkingarflokkar nafniða og setningagerð. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 435–458. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Julien, Marit. 2007. Embedded V2 in Norwegian and Swedish. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 80:103–161.
- Maling, Joan. 1980. Inversion in Embedded Clauses in Icelandic. *Íslenskt mál* 2:175–193. [Endurprentuð í *Modern Icelandic Syntax*, ritstj. Joan Maling og Annie Zaenen, bls. 71–91. Academic Press, San Diego.]
- Molnár, Valéria. 2010. Stylistic Fronting and Discourse. *Tampa Papers in Linguistics* 1:30–61.
- Ott, Dennis. 2009. Stylistic Fronting as Remnant Movement. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 83:141–178.
- Poole, Geoff. 1996. Optional Movement in the Minimalist Program. Werner Abraham, Samuel D. Epstein, Höskuldur Þráinsson og C. Jan-Wouter Zwart (ritstj.): *Minimal Ideas*, bls. 199–216. John Benjamins, Amsterdam.
- Poole, Geoff. 2007. Defending the “Subject Gap” Requirement: Stylistic Fronting in Germanic and Romance. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 79:1–19.
- Vikner, Sten. 1995. *Verb Movement and Expletive Subjects in the Germanic Languages*. Oxford University Press, Oxford.
- Wood, Jim. 2011. Stylistic Fronting in Spoken Icelandic Relatives. *Nordic Journal of Linguistics* 34:29–60.

SUMMARY

This chapter reports on the survey of several constructions, namely:

- Topicalization in embedded clauses
- Stylistic Fronting in embedded clauses
- Expletive Insertion in embedded clauses
- Subject gaps in embedded clauses with a delayed subject or without an overt subject (i.e. with weather verbs)

There are mainly two reasons why these constructions are discussed in the same chapter. First, linguists have not entirely agreed on the defining characteristics of Topicalization on the one hand and Stylistic Fronting on the other. More specifically, should fronting of maximal projections in embedded clauses with a subject gap be considered Topicalization rather than Stylistic Fronting (because Topicalization typically fronts maximal projections whereas Stylistic Fronting arguably applies to

heads) or should it be considered Stylistic Fronting (because fronting of elements in clauses with a subject gap is a defining characteristic of Stylistic Fronting)? Second, it is sometimes possible to choose between Stylistic Fronting and Expletive Insertion in embedded clauses with a subject gap and in some instances this gap can be left unfilled.

The main results of the statistical overview in this chapter can be summarized as follows:

- Topicalization in *that*-clauses is considered acceptable by most speakers (*table 14.1*) whereas Topicalization in embedded relative clauses and indirect questions is generally rejected (*table 14.2*).
- Fronting of maximal projections in relative clauses with a subject gap is also reasonably well received (*table 14.3*).
- Typical instances of Stylistic Fronting are considered acceptable by most speakers (*table 14.4*).
- Older speakers are significantly more likely than younger ones to accept Topicalization in *that*-clauses (*table 14.8* and *figure 14.1*).
- Older speakers are somewhat more likely than younger ones to find Stylistic Fronting natural (*table 14.11* and *figure 14.2*).
- Younger speakers are somewhat more likely than older ones to find expletive insertion natural in contexts where Stylistic Fronting and even an unfilled subject gap may also be an option (*table 14.12*).
- There were no clear correlations between the evaluation of the constructions under discussion and the subjects' education, gender or the geographical area where they live.